

Starfsáætlun leikskólans

Álfabergs 2018 - 2019



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.4 Matsáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Húsnæði og lóð.....	6
2.3 Ytra mat	6
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	Error! Bookmark not defined.
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	7
4. Starfsmannamál	8
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	8
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	8
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	8
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	9
5. Aðrar upplýsingar	10
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	10
5.2 Foreldrasamvinna.....	10
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	11
5.4 Almennar upplýsingar	11
5.5 Áætlanir	11
Fylgirit.....	Error! Bookmark not defined.
• Matsgögn.....	Error! Bookmark not defined.
• Leikskóladagatal	Error! Bookmark not defined.
• Umsögn foreldraráðs.....	11
• Annað	11

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Starfsmannahald:

Skólaárið 2017 – 2018 var sveiflukennt hvað varðar starfsmannahald. Deildarstjóri lét af störfum í ágúst 2017 og gekk erfiðlega að ráða í þá stöðu. Starfsmaður með sálfræðimenntun tók það verkefni að sér að lokum tímabundið fram að vori þar sem hún var að fara í fæðingarorlof. Við stöðunni tók þá starfsmaður hjá okkur sem var að útskrifast með þroskaþjálfamenntun. Haustið fór rólega af stað þar sem við vorum ekki búin að manna allar stöður og hægði það verulega á aðlögunartímabilinu okkar. Við kláruðum aðlögunina ekki fyrr en í desember. Frá janúar til maí fóru 4 starfsmenn í fæðingarorlof og höfðu þeir farið í veikindarleyfi þó nokkru áður. Ráðnir voru inn ófaglærðir starfsmenn til að manna þessar stöður. Einn starfsmaður var í langtíma veikindum. Í maí hætti deildarstjóri hjá okkur sem flutti til Danmerkur, annar deildarstjóri hætti við sumarfrí en sá er að flytja í Borganes, þriðji deildarstjórinn fer síðan í fæðingarorlof næsta haust. Starfsmaður okkar sem útskrifaðist með B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum flytur á Selfoss og hættir við sumarfrí. Breytingarnar í starfsmannahópnum verða því töluverðar og mikið af fagfólki að fara. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hefur ekki tekist að manna þessar stöður með leikskólakennurum.

Helstu verkefni:

Snemmtæk íhlutun: Við höldum áfram að vinna með snemmtæka íhlutun og styrkja okkur enn frekar í vinnubrögðum og skilvirku ferli. Samráðsteymisfundir voru vel nýttir þar sem málum var komið í ákveðinn farveg og því fylgt eftir. Allar deildar eru nú farnar að nýta sér TRAS matstækið. Eins og á síðasta skólaári notum við áfram matslista úr bókinni Snemmtæk íhlutun og biðjum foreldra að fylla þá út. Einnig höldum við áfram að nota matslista eins og AEPS, Orðaskil, Hljóm, Gerd Strand, Íslenska þroskalistann, Íslenska smábarnalistann og eigin matslista. Myndbandsupptökur eru nýttar sem og fleiri leiðir. Mikilvægt er að nota SMT skráningar og þá sérstaklega áður en málum er vísað í samráðsteymi leikskólans svo hægt sé að komast fljótt og vel að kjarna málsins og vinna strax að úrræðum.

Sérkennslustjóri heldur vel utan um sérkennslu og sinnir því starfi af nákvæmni og heldur utan um börnin og þarfir þeirra. Þroskaþjálfari starfar náið með honum og sinnir sérkennslu fyrir 3. flokk. Endurmeta þeir stöðugt hvaða börn þurfa á þjálfun og sérkennslu að halda.

Læsi: Þessi námsþáttur er í stöðugri þróun. Við höfum lagt áherslu á að gera alla starfsmenn örugga og virka í að vinna með læsi á hverjum degi. Á skólaárinu varð rafróbók okkar um snemmtæka íhlutun og læsi tilbúin og hjálpar hún til við að gera starfið okkar tengt læsi skýrt fyrir alla. Foreldrum var send rafróbokin svo þeir séu í meiri tengslum við starfið okkar og geti nýtt sér hugmyndir heima. Unnið er með Lubba á hverri deild og er stafur vikunnar sýnilegur öllum foreldrum. K-pals er unnið með

elstu börnunum okkar og er að verða komin ágæt reynsla á það námsefni.

Stærðfræði: Á þessu skólaári hefur stærðfræði verið mun sýnilegri í starfinu okkar en við stefnum á að gera enn betur á komandi skólaári. Læsi hefur nú fest sig vel í sessi og kominn er tími á að gera hið sama í stærðfræðinni. Við stefnum á að gera rafbók tengt stærðfræði sem mun sýna vel hvernig við getum unnið með stærðfræði á fjölbreyttan hátt með öllu því námsefni og leikefni sem við eigum.

Spjaldtölvur: Þó nokkuð stór hópur starfsmanna nýtir sér spjaldtölvur í vinnu með börnunum en alltaf má gera betur. Kynna þarf enn frekar fyrir starfsmönnum þau fjölmörgu Bitsboard borð sem við höfum búið til, kenna hvernig hægt er að búa til rafbækur, o.fl. Við höfum nýtt okkur Bjarndísi Fjólu sem hefur stutt vel við bakið á okkur. Hún hefur komið til okkar og kennt deildarstjórum og öðru starfsfólki.

SMT-skólafærni: Við höfum haldið okkar striki í SMT skólafærni og styrkir það og leiðbeinir starfsfólki í hvernig við komum fram við börnin okkar. Einn deildarstjóri útskrifaðist með PMT-grunnmenntun á skólaárinu. Þetta er okkar áhersluþáttur í starfi sem aldrei má gleymast og stöðugt þarf að hlúa að, rifja upp og minna okkur á. Eins og áður er unnið svokallað árhjól fyrir skólaárið þar sem listuð eru upp þau verkefni sem vinna á hverju sinni tengt SMT, hvenær og hvaða reglur á að leggja inn á deildarnar.

Innleiðing á nýrri heimasíðu: Eins og á síðasta skólaári fór töluverður tími í að verða öruggur í að vinna með nýja heimasíðu. Við þurfum að leggja meiri áherslu á að nýta okkur alla þá möguleika sem heimasíðan býður upp á og kynna enn frekar fyrir foreldrum.

Viðverustjórnun: Við höfum ítrekað rætt um viðveru starfsmanna. Síðustu ár og í starfsmannakönnun þessa skólaárs kemur í ljós að starfsmenn upplifa mikið álag í starfi. Ástæður er bæði vegna fjölda barna á deild og fjarveru starfsmanna. Við nýtum okkur Bradfordkvarða og viðverustefnu Hafnarfjarðar, tókum viðverusamtöl við þá sem falla undir þau viðmið, ræðum um fjarveru og margt fleira. Við fórum bjarstýnar inn í þetta skólaár og töldum okkur vera að ná árangri en því miður er það ekki svo. Fjarvera starfsmanna er gríðarlega mikil og telja má á annarri hendi fjölda daga sem allir starfsmenn hafa verið mættir til vinnu. Viðverustjórnun virðist þurfa að taka mun fastari tókum á næsta skólaári.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, leikskólastjóri.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta? Á skólaárinu 2018-2019 munum við meta spjaldtölvunotkun og fataklefa.
- Matið mun fara fram á fyrsta skipulagsdegi vetrarins í september 2018. Gerð verður umbótaáætlun og henni fylgt eftir í janúar 2019.
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta. Stjórnendur munu leggja spurningar fyrir hvern starfsmann.
- Hverjir munu taka þátt í matinu? Allir starfsmenn.

2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti).

Til stóð að meta spjaldtölvunotkun og fataklefa á skólaárinu 2017 – 2018. Það breyttist og verður gert á næsta skólaári. Við ákváðum að endurmeta starfið okkar út frá starfsmannakönnun og foreldrakönnun sem framkvæmdar voru á skólaárinu. Töldum við það mikilvægara heldur en annað þar sem samráðstími okkar með öllu starfsfólkinu er ekki mikill.

- Á heildina litið voru niðurstöður starfsmannakönnunar góðar. Svarhlutfall var 87% sem verður að teljast nokkuð gott. Starfsánægja mælist mikil, markmið og stefna skýr og árangur af starfinu metinn mikill. Það má þó alltaf gott bæta og unnin var úrbótaáætlun út frá nokkrum þáttum sem við vildum taka sérstaklega fyrir. Úrbótaáætlunin fylgir með þessari starfsáætlun sem fylgiskjal 1.

2.2 Húsnæði og lóð

- Aðalskoðun leikskvæðis var framkvæmd í maí 2018 af BSI. Þegar starfsáætlun er skrifuð hefur skýrsla ekki borist til okkar. Útísvæði sem ætlað er eldri börnunum okkar var lagað síðasta sumar og er nú allt annað um að litast þar. Það stendur til að klára það í sumar, yfirfara öryggishellur, o.fl. Einnig á að laga efra útísvæðið sem ætlað er yngri börnunum en mikil óánægja hefur verið með það svæði, bæði meðal foreldra og starfsmanna.

2.3 Ytra mat

Hafnarfjarðarbær framkvæmdi starfsmannakönnun í lok árs 2017. Nýttum við niðurstöður hennar við gerð innra mats sem fjallað var um kafla 2.1

- Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar 2018. Svarhlutfall var mjög lágt þannig að niðurstöður voru ekki nógu áreiðanlegar. Lesa mátti úr niðurstöðum ánægju meðal foreldra með skólastarfið okkar, samskipti við stjórnendur og starfsmenn og námsþætti. Hver deild skoðaði niðurstöðurnar saman og þá sérstaklega hvað varðaði þeirra

niðurstöður. Helsta óánægja foreldra sneri að húsnæði leikskólans og þá sérstaklega útisvæðinu fyrir yngri börnin okkar.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Megin áhersla okkar á næsta skólaári verður lögð á þróunarverkefni með Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðingi tengt snemmtækri íhlutun og læsi. Við munum vinna að gerð handbókar undir hennar leiðsögn.
2. Vegna breytinga í starfsmannahópnum, s.s. nýir deildarstjórar og nýtt ófaglært starfsfólk þurfum við að stíga varlega til jarðar og hlúa að þeim þáttum sem nú þegar verið er að vinna með eins og Vináttuverkefni Blæs, stærðfræði og SMT. Við höfum varann á okkur og ætlum okkur ekki of mikið.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	6	5,938	Leikskólakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	3	2,68	Grunnskólakennaramenntun, íþróttakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi B	1	1	Sálfræðimenntun.
Þroskaþjálfari	1	0,75	Þroskaþjálfamenntun.
Leiðbeinendur	17	15,904	Grunnskólapróf/stúdentspróf/iðngreinapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl voru tekin á tímabilinu frá febrúar til apríl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu starfsmannahópnum á milli sín og voru nöfn starfsmanna dregin úr potti þannig að skiptingin væri lýðræðisleg. Eftir samtölin voru teknar saman helstu niðurstöður til að hafa að leiðarljósi á næsta skólaári. Það sem helst kom fram var að gefa þarf nýju starfsfólki tíma til þess að komast inn í starfið. Hafa þarf upprifjun á starfsháttum leikskólans, fara yfir helstu áherslupætti leikskólans, s.s. hvernig við vinnum með snemmtæka íhlutun og læsi, stærðfræði og lífsleikni. Almenn starfsánægja kom í ljós og þeir sem ætla að halda áfram að vinna á Álfabergi næsta skólaár líta björtum augum til framtíðar.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Við hefðum svo gjarnan viljað senda meira af okkar starfsfólki á Kraganámskeið en því miður er mannekla að öllu jöfnu svo mikil að það reynist okkur erfitt. Við höfum því reynt að fá sem mest af fræðslu til okkar á starfsmannafundum eða skipulagsdögum og þá fræðslu sem nýtist öllum starfsmannahópnum.

- Eftirfarandi námskeið, kynningar, ráðstefnur, o.s.frv. voru sótt:
 - Móttaka flóttamanna, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.
 - Lubbanámskeið, allur starfsmannahópurinn.
 - Bjarndís Fjóra, kom 3 og hitti deildarstjóra og aðstoðaði við spjaldtölvur, o.fl.
 - Apple ráðstefna, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
 - Eyþór Eðvarðsson, fyrirlestur um starfsánægju fyrir alla starfsmenn.
 - Stjórnun leikskóla, eins manns verk? Stjórnendur leikskólans, fyrir utan leikskólastjóra.
 - Skyndihjálpar, allir starfsmenn.
 - Samspil líðan, svefns og streitu hjá börnum, deildarstjórar yngstu barnanna.
 - Grunnmenntun PMT, 2 deildarstjórar.
 - Þorgrímur Þráinsson, fyrirlestur um liðsheild fyrir alla starfsmenn.
 - Elísa Ingólfssdóttir, upprifjun á PMT verkfærum fyrir alla starfsmenn.

- Bjarney Sigurðardóttir, fyrirlestur um læsi og orðaforða barna fyrir alla starfsmenn.
- YAP kynning, leikskólastjóri, deildarstjóri og sérkennslustjóri.
- Hugarfrelsi, fræðsla fyrir alla starfsmenn.
- Ráðstefna um áföll í æsku og áhrif þeirra á ung börn, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Námsstefna Barnaheilla, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Áhrif áfalla á ung börn, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og þroskaþjálfari sem sinnir börnum í 3. flokki.
- Námsferð starfsmanna á skipulagsdegi, leikskólar skoðaðir í Hveragerði og á Selfossi.
- Námsferð leikskólastjóra í Alicante, núvitundarnámskeið og tvær skólaheimsóknir.
- Námsferð 4 deildastjóra til Brighton á framhaldsnámskeið í numicon og mindfulness.
- Vorferð aðstoðarleikskólastjóra í Borgarnes og á Hvanneyri.
- SMT-teymisfundir.
- Innleiðing á verkferlum vegna eineltis á vinnustöðum.
- Fræðsla frá Sigu Birnu hjá Samtökunum 78, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri.
- Streita og kvíði í starfi, Kraganámskeið fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Morgunfundur Rannung, kulnun í starfi, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans, við stefnum á:
 - Fræðslu vegna innleiðingar á snemmtækri íhlutun og læsi í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur. Hún mun koma nokkrum sinnum til okkar ýmist með fræðslu fyrir alla eða samráð við stjórnendur. Útbúin verður handbók.
 - Tveir starfsmenn yngstu deildanna á námskeið hjá Barnaheillum vegna Vináttuverkefnis þegar námsefni fyrir yngstu börnin verður tilbúin.
 - Upprifjun á starfsháttum leikskólans.
 - Upprifjun á SMT-skólafærni.
 - Endurskoða Skólanámskrá leikskólans.
 - Fyrirlestur um starfsánægju, hugmynd að fá Eddu Björgvinsdóttur sem fjallar um jákvæða sálfræði.
 - Fyrirlestur um núvitund, ætlum að hafa samband við Núvitundarsetrið.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. Júlí

- Ekki var hægt að taka stöðuna 1. maí þar sem nokkur börn voru hætt þegar starfsáætlunin varð gerð. Eftirfarandi upplýsingar miðast því við 1. júlí.
- 87
- 49 drengir, 38 stúlkur.
- Dvalarstundir, 762,8
- Deildargildi, 5,26
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 3 stúlkur.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað), voru 21 talsins.
- Fjöldi barna með ofnæmi voru 8.
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 11.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku, 11 börn.
- Fjöldi tungumála.
- Þjóðerni forsjáraðila, 9 foreldrar eru frá Póllandi, 2 foreldrar frá Rúmeníu, 1 foreldri frá Þýskalandi, 2 foreldrar frá Víetnam, 2 frá Albaníu, 2 frá Rússlandi 2 frá Portúgal og 1 foreldri frá Skotlandi.

5.2 Foreldrasamvinna

Við höfum ávallt lagt okkur fram við að eiga góð samskipti og samvinnu við foreldra. Markmið okkar er að hlusta á og virða skoðanir foreldra og viðhorf þeirra. Foreldrasamvinna er gríðarlega mikilvæg fyrir barnið og ánægjulega leikskólagöngu. Við viljum heyra raddir þeirra og hvetjum foreldra til þess að koma til okkar með sínar vangaveltur og ábendingar.

- Á haustfundi leikskólans voru 5 fulltrúar foreldra kosnir í foreldraráð þar af tveir nýir. Fámennt var á fundinum en boðið var upp á fyrirlestur um snjalltæki. Foreldraráð hittist sjaldan á þessu ári og þurfum við að vera duglegri við að hittast og fara reglulega yfir það sem brennur á okkur. Einnig þarf að kynna foreldraráð betur fyrir öllum foreldrum.
- **Foreldrasamtöl (fyrirkomulag, tímabil).**
Foreldrasamtöl gengu vel þetta skólaár og var foreldrum boðið að koma í samtal að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu en oftar ef þörf var á.
- **Foreldrafélag**
Öflugt foreldrafélag er í leikskólanum og starfar það í góðu samstarfi við leikskólastjóra. Yfir árið var staðið var að skemmtilegum uppákomum yfir eins og að fá til okkar jólaveina á jólaballið, einnig var lítil gjöf keypt frá jólasveininum handa hverju barni. Þau buðu upp á leikritið Kárius og Baktus. Foreldrafélagið kom að skipulagi sumarhátíðarinnar og fékk til

okkar Sirkus Ísland. Að venju innheimtust félagsgjöldin vel þetta skólaárið.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Kennarar leik- og grunnskólans hittast í ágúst og setja niður skipulag vetrarins. Við erum bæði í sérstöku samstarfi innanhúss með 1. bekkjunum.
- Innanhúss höfum við á Álfabergi unnið með 1. bekkjum í hringekju. Síðast liðið ár var því háttað þannig að þau hittust í u.þ.b. einu sinni í mánuði þar sem unnið var á stöðvum og unnin voru fjölbreytt verkefni, m.a. í stærðfræði og íslensku, útiveru o.s.frv. Á degi leikskólans 6. febrúar ár hvert koma grunnskólanemendur til okkar og þá er komið saman í samveru og allir fara á valfund og síðan er leikið saman. Á degi íslenskrar tungu koma grunnskólabörn úr 4. bekk til okkar og lesa fyrir eina til tvær deildir. Leikskólanum er einnig boðið á samverustund hjá 1. bekk sem haldin er að morgni og þá sýna grunnskólabörnin atriði. Einnig er okkur boðið að koma á Helgileik fyrir jólin í Víðistaðakirkju. Bókasafnsfræðingur grunnskólans tekur á móti okkur og kynnir bókasafnið og les fyrir okkur sögu. Leikskólabörnin hafa einnig hitt grunnskólabörnin á skólalóðinni og farið með þeim í leiki.
- Áframhaldandi samstarf verður á komandi skólaári og er í stöðugri þróun. Áætlun liggur ekki fyrir þegar þessi starfsáætlun er sett fram. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal, bókasafni, tölvustofu og heimilisfræðistofu í grunnskólanum. Ákveðið hefur verið að hittast í ágúst og setja upp skipulag og efla samstarfið okkar við Víðistaðaskóla í Engidal enn meira.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar voru samkvæmt skóladagatali.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun
- Umsögn foreldraráðs
- Annað



Hafnarfirði 29. júní 2018

Leikskólastjóri